



Úthlutun rannsóknastyrkja 2022 úr Vísindasjóði Landspítala.

Úthlutun rannsóknastyrkja 2022

Úthlutun verkefnastyrkja úr Vísindasjóði Landspítala fór fram á ársfundum spítalans um vísindi, Vísindum á vordögum, sem haldinn var 4. maí 2022.

Árið 2022 barst Vísindasjóði 91 umsókn um styrki. Þak er á þeirri upphæð sem hægt er að sækja um en heildarfjárhæð styrkumsókna að þessu sinni nam tæpum 164 milljónum króna. Úthlutað var styrkjum til 78 verkefna, allt tæplega 93 milljónum króna.

Tilgangur vísindasjóðs spítalans er að styrkja og efla vísindarannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum meðal starfsmanna. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati á þeim umsóknum sem berast sjóðnum.

Lista með öllum veittum styrkjum má sjá á vef spítalans: [visindasjodur.landspitala-styrkir_mai_2022.pdf](https://www.landspitali.is/visindasjodur/landspitala-styrkir_mai_2022.pdf) (landspitali.is)

Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 2022

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands úthlutaði á árinu verðlaunastyrkjum til 4 metnaðarfullra verkefna að heildarverðmæti rúmlega 7 milljónum króna. Sjóðurinn var stofnaður árið 1916 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að bættari meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eda til valinna verkefna á vegum Landspítala.

Verðlaunahafar eru valdir af stjórn sjóðsins eftir ábendingu frá Vísindaráði Landspítala úr umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala.

Verðlaunastyrk hlutu:

Bylgja Hilmarsdóttir, náttúrufræðingur og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Novel culture method of patient derived pancreatic cancer organoids.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, forstöðumaður og prófessor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Aðlögun einstaklinga með krabbamein og fjölskyldna þeirra að krabbameinssjúkdómi: Langtímarannsókn.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Sérhæfing bólguhjððunarvispigerðar og hlutverks NK frumna.

Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Geðrof og maníur hjá einstaklingum á ADHD lyfjum á Íslandi.

[Ítarefni um verðlaunahafa](#)

Vísindaráð Landspítala-helstu verkefni á árinu 2022

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur einnig alla umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala og var það stærsta verkefni Vísindaráðs á árinu eins og endranær. Ráðið velur Heiðursvísindamann Landspítala og Ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda að skipulagi árlegrar uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum þ.m.t. dagskrárgerð hátíðarinnar, fundarstjórn og verðlauna- og styrkveitingar og yfirferð og mat á innsendum ágrípum veggspjalda fyrir hátíðina. Ágríp veggspjalda eru birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingarsjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Vefsíða Vísindaráðs leit dagsins ljós á árinu og drög voru gerð að handbók Vísindasjóðs og vefsíðu hans. Vísindaráð sendi og umsögn í samráðsgátt alþingis um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2022

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og dósent við Háskóla Íslands.

Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands.

Sigurbergur Kárason, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Kvenna- og barnþjónusta.

Hætti á árinu

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Starfsmaður Vísindaráðs

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur.



Magnús Gottfreðsson,
yfirmannur Landspítala og prófessor við
læknadeild Háskóla Íslands.

Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar hefur aldrei verið augljósara

Þegar sagan er skoðuð sést að kreppur eru oft aflvaki breytinga. Í heimsfaraldri COVID-19 var gríðarlegum fjármunum varið til rannsókna og nýsköpunar til að koma heimsbyggðinni til bjargar. Ein áhrifamesta kraftbirting þessarar stefnubreytingar eru bóluþefnin sem þróuð voru gegn sjúkdómnum, sem björguðu um 20 milljónum mannslífa á fyrstu 12 mánuðunum eftir að þau voru tekin í notkun. Ákvörðunin reyndist heilladrjúg því að þessi nýju bóluþefni gerðu heilbrigðisfyrirvöldum víða um heim kleift að taka skrefið fyrr til baka, til eðlilegra lífs, og standa þannig vörð um hagsmuni einstaklinga og samfélaga. Einnig voru þróuð öflug lyf með hraði til hagsbóta fyrir sjúklinga en veiran hefur reynt fljót að bregðast við með ónámum afbrigðum og baráttan mun því halda áfram. Í þeirri baráttu munu vísindalegar rannsóknir og þekking skipta meginmáli. Nú þegar er orðið ljóst að þróun mRNA tækninnar sem var nýtt við gerð bóluþefnanna muni auðvelda okkur að búa til öflug bóluþefni gegn öðrum smitsjúkdómum í framtíðinni. Einnig bendir margt til að þessi tækni muni jafnframt hafa þann óvanta en ánægjulega ávinning í för með sér að bæta meðferð margra annarra kostnaðarsamra sjúkdóma s.s. hjarta- og æðasjúkdóma og illkynja sjúkdóma. Þessi reynsla okkar undanfarin þrjú ár minnr því enn á að rannsóknir og nýsköpun margborga sig en jafnframt þarf langtímasýn stjórnvalda, fjármagn og þolinmæði að koma til.





Á meðan starfsmenn heilbrigðiskerfisins fengust við COVID-19 sátu sum önnur verkefni á hakanum, ekki aðeins margar valkæðar aðgerðir líkt og liðskiptaáðgerðir heldur virðist sem vísindaleg virkni hafi haldið áfram að gefa eftir, a.m.k. ef marka má tölur um fjölda birtinga starfsmanna spítalans í erlendum fræðitimaritum (mynd 1). Þetta er þó líklega ekki tengt COVID-19 heldur framhald á þróun sem því miður á sér

langri aðdraganda eins og sést á myndinni. Starfsmenn Landspítala halda þó áfram að laða að sér meistara- og doktorsnema en fjöldi þeirra helst í horfinu frá fyrra ári eða lækkar lítillega (mynd 2). Svipuð mynd sést þegar lítið er til veittra leyfa af hálfu síðanefnda en fjöldi leyfa er vísending um fjölda áformaðra vísindarannsókna (mynd 3). Fjármagn innlendra styrkja er á uppleið í krónum talið en lækkun á erlendum vísindastyrkjum á sama tíma er sérstakt áhyggjuefni (mynd 4). Þegar nánar er rýnt í tölur um Vísindasjóð Landspítala sést að sókn eftir styrkjum virðist hafa dregist saman, þrátt fyrir auknið fjármagn sem e.t.v. ber vott um tíma- og aðstöðuleysi starfsfólks.

Af þessum tölulegu gögnum má draga þá ályktun að kyrrstaða sé ríkjandi hvað varðar rannsóknarstarf innan háskólaspítalans, þrátt fyrir að flestum sé orðin ljós nauðsyn þess að bæta þar úr. Til að geta veitt heilbrigðisþjónustu í fremstu röð er lykilatriði að unnt sé að flétta saman klínískt starf og rannsóknir. Það skapar nýja þekkingu en er jafnframt mikilvæg hagnýt aðgerð til að auka gæði þjónustunnar, bæta öryggi sjúklinga og draga úr brottfalli starfsfólks. Rannsóknir eru spítalanum lífsnauðsynlegt vítamín! Þörfin fyrir vel menntað heilbrigðisstarfsfólk fer vaxandi um heim allan og ef við viljum ekki dragast aftur úr þarf að bregðast við með því að styrkja kennslu og rannsóknir á þeim stöðum þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, eins og á háskólasjúkrahúsi okkar Íslendinga.

Sú þróun sem sést í gröfunum sem hér eru sýnd speglast jafnframt í lækkandi gengi heilbrigðisvísinda við Háskóla Íslands á alþjóðlegum matslistum á árinu 2022 og tengist sílækkandi framlögum hér á landi til menntunar nema í sumum þessara greina. Sú þróun vekur óneitanlega furðu því á sama tíma er mikið innlent fjármagn flutt úr landi til að byggja upp deildir og ráða öflugla kennara til erlendra háskóla sem sinna kennslu í grunnnámi í læknisfræði! Er skynsamlegt flytja grunnmenntun í heilbrigðisvísindum úr landi? Að mínu mati er þessi stefna hvorki skynsamleg né sjálfbær nálgun á viðfangsefnið.

Á síðasta ári hövту skýrsluhöfundar McKinsey til að sett yrði auknið fjármagn til vísindastarfs á spítalanum, eftir að sýnt var fram á að innan við 1% af rekstrarfé rennur til þessa mikilvæga hlutverks. Það hlutfall er aðeins brot af því sem sambærilegar stofnanir erlendis hafa úr að spila. Með nýlegum skipuritsbreytingum sem komu til framkvæmda á haustmánuðum 2022 var málaflokkurinn færður beint undir forstjóra og endurspeglar sú breyting aukna áherslu á rannsóknir og vísindi innan spítalans. Það mun vonandi leiða til bættrar fjármögnunar og að bjartari tímar fari senn í hönd.



Heiðursvísindamaður Landspítala 2022

Helgi Jónsson var valinn heiðursvísindamaður Landspítala 2022 (Distinguished Scientific Contribution Award 2022) fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum. Helgi var sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum við lyflækninga- og bráðþjónustu Landspítala.

Útnefningin var á Vísindum á vordögum í Hringstal 4. maí 2022. Heiðursvísindamaður Landspítala er útnefndur ár hvert og hefur vísindaráð Landspítala veg og vanda af því. Eins og hefð er fyrir hélt heiðursvísindamaðurinn fyrirlestur um rannsóknir sínar að lokinni útnefningu, afhendingu heiðurskjals og heiðursverðlauna að upphæð 350 þúsund króna.

Helgi Jónsson er fæddur 1952. Hann lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1978 og öðlaðist lækningaleyfi á Íslandi 1980. Helgi stundaði nám, lækningar og rannsóknir við Háskólasjúkrahúsið í Lundi árabilið 1981-1989 og lauk þaðan sérnámi í gigtarlækningum árið 1985. Hann lauk doktorsprófi í læknisfræði við Háskólann í Lundi árið 1989. Á árunum 1989 til 1995 var hann stundakennari við Háskóla Íslands og sérfræðingur við Landspítala frá 1990 og til ársins 2022. Hann varð dósent í lyflækisfræði, gigtarlækningum (50%), við HÍ 1995 til 2009 og prófessor í gigtarlækningum við HÍ frá árinu 2009.

Helgi hefur verið öflugur handleiðari unglækna og nema í læknisfræði og líffræði í rannsóknum. Hann hefur setið í doktorsnefndum og dómnefndum auk þess að gegna leiðbeinanda- og ráðgjafarhlutverki í allnokkrum doktors- og meistara-verkefnum.



Helgi Jónsson heiðursvísindamaður Landspítala 2022

Helsta áhugasvið Helga er slitigt og hefur hann rannsakað þann langvinna og bæklandi sjúkdóm í 30 ár. Helstu samstarfsaðilar hafa verið Íslensk erfðagreining og Hjartavernd en Helgi hefur verið í samstarfi við vísindamenn frá öllum heims-álfum. Nú hillir undir lyfjameðferð sem gæti breytt gangi sjúkdómsins verulega, svipað og gerst hefur í mörgum öðrum gigtarsjúkdómum.

Ungur vísindamaður ársins 2022

Arnar Bragi Ingason var útnefndur ungur vísindamaður Landspítala 2022 á Vísindum á vordögum, uppskeruhátíð vísindastarfs á spítalanum, í Hringstal 4. maí.

Arnar Bragi Ingason lauk stúdentsprófi frá náttúrufræðibraut Menntaskólans í Reykjavík 2013. Hann lauk BS gráðu í læknisfræði frá Háskóla Íslands 2016 og embættisprófi í læknisfræði frá sama skóla 2019. Arnar skráði sig í framhaldinu í doktorsnám í læknavísindum og fór doktorsvörn hans fram skömmu eftir eftir útnefninguna, 27. maí 2022. Leiðbeinandi hans í doktorsverkefninu var Einar Stefán Björnsson, prófessor og yfirlæknir. Samhliða námi lauk Arnar kandidatsári og einu ári í sérnámi í skurðlækningum við Landspítala. Doktorsverkefni hans sneri að samanburði á blæðinga- og blóðsegatiðni milli sjúklinga sem taka mismunandi blóðþynnningarlyf.

Auk doktorsverkefnis síns hefur Arnar, undir handleiðslu Martins Inga Sigurðssonar prófessors, rannsakað tíðni og áhættuþætti tengda viðvarandi óþióíðanotkun eftir skurðaðgerðir.



Arnar Bragi Ingason, ungur vísindamaður Landspítala 2022

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Arnar Bragi birt á annan tug ritrýndra greina í erlendum tímaritum og kynnt rannsóknir sínar á fjölda innlendra og erlendra vísindafjöngva. Hann hóf nám í almennum skurðlækningum við University of Vermont í Bandaríkjunum um mitt ár 2022.



Willum Þór Þósson heilbrigðisráðherra flutti ávarp þegar ungir vísindamenn fengu afhenda styrki sína þann 8. desember 2022.

Verðlaunaágrip á vordögum

Þrjú bestu veggspjöld vísindaverkefna á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindum á vordögum, í Hringstal 4. maí 2022, voru verðlaunuð sérstaklega. Verðlaunahafarnir voru Sýlvía Ingibergsdóttir, Jenny Lorena Molina Estupian og Marianna Garðarsdóttir.

Verðlaunin fyrir bestu veggspjöldin eru styrkur í formi endurgreiðslu á kostnaði verðlaunahafanna vegna kynningar/ferða á verkefnum sínum, allt að 150.000 krónur. Verðlaunahafar tóku á móti viðurkenningarskjölum og kynntu veggspjöld sín á veggspjaldasýningunni.

Verðlaunaveggspjöldin voru valin úr 38 innsendum veggspjöldum vísindarannsókna árið 2022. Vísindaráð Landspítala hafði veg og vanda af mati ágrípa sem bárust og vali á verðlaunahöfunum.



Rósa Björk Barkardóttir, formaður vísindaráðs Landspítala hlýðir á orð ráðherra

Veggspjöld verðlaunahafanna:

Jenny Lorena Molina Estupian: [mmCT and dmlT confer vaccine dose sparing effects on protective antibody response in neonatal mice](#)

Marianna Garðarsdóttir: [Kerfislæg æðakölkun veldur skerðingu á blóðflæði til heila](#)

Sýlvía Ingibergsdóttir: [Árangur hugrænnar atferlismeðferðar fyrir háskólanemendur sem greindir hafa verið með ADHD](#)

Öll veggspjöldin á Vísindum á vordögum 2022 er að finna á vef spítalans: [Veggspjaldakynning 2022 - Landspítali \(landspitali.is\)](#)



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á Landspítala ásamt stjórnendum á spítalanum.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala styrkti níu unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna og voru styrkir afhentir við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 8. desember 2022 í Hringstal.

Styrkir til vísindamanna ungu námu allt að tveimur milljónum króna hver. Vísindasjóður Landspítala hefur að undangengnu mati vísindaráðs veitt styrki til ungra vísindamanna á spítalans óslitið frá árinu 2011.

Markmið þessara styrkja er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirki þeirra starfsmanna spítalans sem eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra setti athöfnina og flutti ávarp. Formaður vísindaráðs, Rósa Björk Barkardóttir, kynnti styrkjaflokkinn og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og formaður Vísindasjóðs Landspítala, afhenti styrkþegum viðurkenningarskjal.

Styrkhafar:

Berglind Árnadóttir sérnámslæknir lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu.

Meðumsækjandi: Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Ættlægni og svipgerð sarklíkis á Íslandi. Íslenska sarklíkisrannsóknin -framhaldsverkefni.

Aðrir samstarfsaðilar: Sigríður Ólína Haraldsdóttir sérfræðilæknir og Ingileif Jónsdóttir, ónæmisfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Gisli Gíslason sérnámslæknir, kvenna- og barnaþjónustu.

Meðumsækjendur: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir og Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Algengi nýrna- og innkirtlafylgikvilla litiummeðferðar.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu.

Meðumsækjandi: Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðilæknir og klínískur prófessor.

Rannsókn: Frumkomið aldósterónheilkenni á Íslandi í 10 ár – framhaldsrannsókn.

Merking greina

Vísindavirki Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali – The National University Hospital of Iceland.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvisanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirki Landspítala verður sýnilegri.

Hulda Hrund Björnsdóttir, læknir í sérnámsgrunni, lyflækninga- og bráðaþjónustu.

Meðumsækjandi: Gerður Gröndal yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands og Björn Guðbjörnsson, sérfræðilæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Sykursteranotkun á Íslandi á 17 ára tímabili og staða beinverndar hjá langtímanotendum sykurstera.

Samstarfsaðili: Ólafur B. Einarsson lyfjafræðingur, Embætti landlæknis.

Konstantín Shcherbak sérfræðilæknir, öldrunarþjónustu og aðjúntkt við Háskóla Íslands.

Meðumsækjandi: Helga Eyjólfsdóttir yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Þættir sem hafa forspárgildi um útskrift heim frá öldrunarendurhæfingardeild innan 30 daga.

Aðrir samstarfsaðilar: Alfons Ramel, prófessor við Háskóla Íslands, Ólöf Guðný Geirsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Hrafnhildur Eymundsdóttir nýdoktor.

Kristín Júlía Erlingsdóttir sérnámslæknir, kvenna- og barnaþjónustu.

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Nýrnasteinasjúkdómur hjá íslenskum börnum og unglíngum.

Kristján Torfi Örnólfsson sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðaþjónustu.

Meðumsækjandi: Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Lýðgrunduð rannsókn á tengslum primary biliary cholangitis og hvatberamótefna við aðra sjúkdóma og horfur - framhaldsrannsókn.

Signý Lea Gunnlaugsdóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðaþjónustu.

Meðumsækjendur: Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Gerviliðsýkingar á Íslandi 2003-2020.

Aðrir samstarfsaðilar: Kristján Orri Helgason sérfræðilæknir, Elías Guðbrandsson sérfræðilæknir, og Helga Erlendsdóttir lífeindafraeðingur.

Sólveig Bjarnadóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðaþjónustu.

Meðumsækjendur: Karl Konráð Andersen, forstöðumaður og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Breytt birtingarmynd bráðs kransæðaheilkennis á Íslandi 1981-2017.

Aðrir samstarfsaðilar: Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Háskóla Íslands, og Elías Freyr Guðmundsson faraldsfræðingur, Hjartavernd.

Birtingasjóður

Á árinu 2022 bárust Birtingasjóði 30 umsóknir, en sjóðnum er ætlað að styðja við og hvetja til birtinga frumkvæðisrannsókna við spítalan í góðum erlendum fræðitimaritum, þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur er starfsmaður spítalans. Greinarnar þarf að merkja spítalanum til að umsækjandi geti hlotið styrk. Veittir voru 22 styrkir, alls tæplega 3 milljónir króna.

Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2022 fengu tveir starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Gunnar Tómasson, sérfræðilæknir og dósent við Læknadeild.

Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir og dósent við Læknadeild.